



KNOW HUBs

Local Knowledge Centers
as development HUBs in rural regions

MÓTOR – MIÐLARI - MIÐPUNKTUR NÝ NÁLGUN Á STARFSEMI ÞEKINGARSETRA

Krefjandi aðstæður. Á tímum aukins fjölda innflytjenda er þörfin fyrir félagslega aðlögun, menntun og þjálfun meira í sviðsljósinu en nokkru sinni fyrr og leita stefnumótendur því skýrra viðbragða við áskorunum sem aðildarríki ESB standa frammi fyrir.

Niðurstöður OECD um alþjóðlegt mat á hæfni fullorðinna (2017) sýna fram á nauðsyn þess að styðja við menntunarhæfni jaðarsettra einstaklinga sem og beita nýstárlegum hvötum til samfélagsþátttöku. Jafnframt sýna niðurstöður fram á nauðsyn þess að leggja áherslu á að ná til einstaklinga með litla menntun og/eða takmörkuð tækifæri til menntunar.

Hvernig geta
þekkingarsetur mætt
staðbundnum þörfum
og kröfum samfélaga á
landsbyggðinni?

3M kenningin. Samkvæmt kenningunni um 3M eru þekkingarsetur miðpunktur fyrir íbúa samfélagsins, miðlari sem kemur auga á þarfir þess og mótur til að þróa markmið og áætlanir.



Evrópska verkefnið „KNOW Hubs“ kynnir fyrir þekkingarsetrum hugtakið „3M: Miðpunktur, miðlari og mótur“ sem sett var fram af prófessorunum Gunnari Grepperud og Terje Thomsen (2002).

Verkefnið er til tveggja ára og þróað með stuðningi Evrópusambandsins í gegnum Erasmus+ áætlunina.



Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union

This project has been funded with support from the European Commission.
This publication reflects the views only of the author, and the Commission cannot be held responsible for any use which may be made of the information contained therein.



ITC
Innovation
Training Center



Rannsókn var framkvæmd í upphafi verkefnisins til að bera kennsl á hlutverk og aðferðir starfandi þekkingarsetra og fræðslumiðstöðva.

Allir þátttakendur í KNOW Hubs, sem eru frá Svíþjóð, Rúmeníu, Spáni, Íslandi, Írlandi, Danmörku og Grikklandi, unnu greinagerð um núverandi stöðu þekkingarsetra og fræðslumiðstöðva í sínu landi. Tekin voru viðtöl og haldnar vinnustofur þar sem

setrin höfðu beint samband við meira en 70 íbúa og sérfræðinga í menntageiranum.

Sérfræðingar verkefnisins hagnýta rannsóknargögnin til að þróa námsefni og leiðbeiningar.

Rannsóknarniðurstöður voru kynntar í Danmörku (Veijle, 1. maí 2019), á öðrum fundi samstarfsaðila verkefnisins sem VIFIN hýsti.

Hvað er þekkingarsetur?
Var megin
rannsóknarspurning
verkefnisins og
endurspeglar það hversu
vandamt getur verið að
skilgreina hlutverk þeirra.



Rannsóknin varpar ljósi á hve ólík starfsemi þekkingarsetra er, í flestum tilfellum eru hlutverk setra sem miðlari og miðpunktur augljós en hlutverk þeirra sem mótur ekki eins greinilegur, sérstaklega þegar kemur að félagslegri þróun. Meðal þeirra setra sem sinna fullorðinsfræðslu er mismunandi hvernig stjórnun á fræðslunni er háttað. Munurinn var merkjanlegur á milli landa sem einblíndu á þroska einstaklingsins og þeirra landa sem sáu fullorðinsfræðsluna sem félagslegan þroska.

Viltu vita meira?
SMELLTU HÉR



NÆSTU SKREF KNOW HUBS HANDBÓK

Unnið er að gerð handbókar sem nýttast mun til stuðnings og þjálfunar starfsfólks setranna til að starfa í anda kenningarinnar um 3M.

 www.know-hubs.eu

 [KnowHubs](https://www.facebook.com/KnowHubs)

